

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Stórhólts – Lyngholts.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 7. ágúst 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Stórholt – Lyngholt.

Breytingin felur í sér færslu á mörkum deiliskipulagsins, uppsetningu á hljóðvegg meðfram Undirhlíð og breytingu á lóð, byggingarreit og nýtingarhlutfalli Stórhólts 16.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhverfi – suðurhluta.

Bæjarráð Akureyrarbæjar samþykkti 7. ágúst 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hlíðarhverfi – suðurhluta.

Breytingin felur meðal annars í sér breikkun Undirhlíðar, færslu á mörkum deiliskipulagsins ásamt ýmsum breytingum á gönguþverunum, stígum, hraðahindrunum og aðkomu að lóðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 12. ágúst 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 26. ágúst 2025